

Miðvikudaginn 8. maí 1991.

Nr. 176/1991. **Rut Skúladóttir**
 gegn
Lögfræðipjónustunni hf.

Kærumál. Málflutningsumboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 25. mars 1991 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 12. sama mánaðar, í bæjarþingsmáli nr. 15039/1990. Kæran barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 22. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að sambýlismanni sínum, Birni Baldursyni lögfræðingi, verði heimilað að annast fyrir sig lögmannsstarf í nefndu bæjarþingsmáli.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður, sem er án forsendna, er svohljóðandi:

„Mætti Björn Baldursson cand.jur. hefur með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 ekki heimild til þess að fara með mál þetta f.h. stefndu Rutar Skúladóttur.“

Héraðsdómarrinn, Kristjana Jónsdóttir borgardómari, hefur samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sent Hæstarétti athugasemdir sínar, svohljóðandi:

„Ekki upplýstist fyrr en í þinghaldi þann 12. mars 1991, að Björn Baldursson cand. jur., er sótti þing af hálfu stefndu í málinu, væri sambýlismaður hennar, en ekki eiginmaður, eins og bókað hafði verið við fyrri fyrirtökur málsins.

Björn, sem lokið hefur embættisprófi í lögfræði, starfar ekki sem fulltrúi lögmanns, sbr. 3. gr. laga nr. 61/1942. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. (sic) getur aðili máls látið maka fara með mál fyrir sig. Telja verður að orðið maki í nefndri lagagrein taki eingöngu til eiginmanns eða eiginkonu, en ekki til sambýlismanns eða sambýliskonu, og hefur Björn Baldursson því ekki sýnt fram á, að hann hafi lögum samkvæmt heimild til að fara með umrætt mál fyrir sambýliskonu sína Rut Skúladóttur.“

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að túlkun héraðsdómara á orðinu maki í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur sé of þröng, meðal annars vegna breyttra þjóðfélagshátta á hálfri öld, sem liðin er frá gildistöku laganna. Óvígð sambúð sé nú orðið svo algeng, að óeðlilegt sé að einskorða túlkun á orðinu maki í laga-greininni við hjúskap.

Kæra málsins til Hæstaréttar telst, eins og atvikum þess er háttað, heimil með hliðsjón af 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í kærugögnum kemur fram, að sóknaraðili og Björn Baldursson lögfræðingur hafi verið í óvígðri sambúð frá 1978. Málið er risið af ágreiningi milli málsaðila um þóknun fyrir lögfræðipjónustu, sem varnaraðili lét sóknaraðila í té. Fólst hún í ráðgjöf í tengslum við væntanlegt bótauppgjör vegna líkamstjóns barns sóknaraðila og Björns Baldurssonar og fjallaði því um hagsmuni þess. Þegar þetta er virt, þykja skilyrði vera til þess samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, að Björn Baldursson lögfræðingur annist málflutningsstarf fyrir sóknaraðila í máli þessu.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Birni Baldurssyni lögfræðingi er heimilt að annast málflutningsstarf fyrir sóknaraðila, Rut Skúladóttur, í máli þessu.
